

## Afgreiðslufundur

Ár 2024 þriðjudaginn 30. apríl, kl. 9:00 var haldinn 1770. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Rósa Magnúsdóttir, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

- Lögð fram umsókn Eldofnsins ehf., kt. 441115-0240, dags. 5. apríl 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Eldofninn) að Efstalandi 26, F2036739, rými 01 0101. Eigendaskipti.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Refsins ehf., kt. 551105-1050, dags. 11. apríl 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Fish & Chips vagninn Granda) að Grandagarði 19, F2000152, rými 03 0101. Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Dragon Ramen ehf., kt. 710124-0780, dags. 21. mars 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Dragon Ramen) að Laugavegi 50, F2005124, rými 01 0101. Matvæli koma fullleðuð á staðinn til upphitunar og/eða samsetningar frá undirbúningseldhúsi staðarins að Nýbýlavegi 8 (Eldstæðið). Ný starfsemi.  
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. febrúar 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 25. apríl 2023, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Svaka Lúða ehf., kt. 600422-1540, um útveitingar fyrir veitingastað í flokki II, tegund; krá (Bingó) að Skólavörðustíg 8, F2219253, rými 03 0201.  
Samþykkt að veita neikvæða umsögn vegna neikvæðrar umsagnar byggingarfulltrúa þann 19. febrúar 2024 skv. 14. gr. *reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 9. apríl 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 8. apríl 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Eldofnsins ehf., kt. 441115-0240, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (Eldofninn) að Efstalandi 26, F2036739, rými 01 0101.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.
- Lögð fram umsókn A.B.L. taks ehf., kt. 590499-4049, dags. 19. apríl 2024, um skráningu á niðurrifi á húsnæði við Laugaveg 176, F2012337, rými 01 0101, sbr. samþykktu byggingarleyfisumsókn nr. USK23110213. Ný starfsemi.  
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *reglugerð nr. 830/2022 um skráningar skyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *almenn starfskilyrði fyrir*

*skráningarskyldan atvinnurekstur og starfsskilyrði fyrir niðurrifi mannvirkja, m.a. þar sem er asbest.*

**Fundi slitið 09:38**

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Rósa Magnúsdóttir